

A

B

C

D

E

F



ÁBYRGÐ Í VERKI



A

B

C


D

E

F



MANNVIT



A

B

C

D

E

F

1

2

3

4

1

2

3

4

ÁBYRGÐ Í VERKI

SJÁLFBÆRNI- OG SAMFÉLAGSSKÝRSLA



MANNVIT

A

B

C

D

E

F

A

B

C

D

E

F

1

1

2

2

3

3

4

4

Prentun: Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja



Ljósmyndir:

Sveinn Speight

Guðmundur Ólafsson

A

B

C

D

E

F



MANNVIT

ÁBYRGÐ Í VERKI

MAÍ 2017

SJÁLFBÆRNI- OG
SAMFÉLAGSSKÝRSLA

1

2

3

4

1

2

3

4

_ Bréf frá forstjóra	6	_ Virða náttúruna	18
_ Um Mannvit	7	Lykilþættir í starfsemi Mannvits	18
_ Starfsemi og stefnur	8	Ráðgjöf á sviði sjálfbærni	19
Stefnur Mannvits	9	Vistvæn hönnun	19
_ Sjálfbærni og samfélagsábyrgð	10	Endurnýjanlegir orkugjafar	19
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna		Hringrásarsamfélag	19
_ Markmið Mannvits	12	_ Sýna ábyrgð	20
_ Hagsmunaaðilar	13	Siðareglur stjórnar	20
_ Gleði og vellíðan	15	Stefnumótandi áætlanagerð	20
Líkamleg hreyfing	15	_ Samfélagið	21
_ Miðla þekkingu og fræðslu	16	Mannréttindi	21
Stuðningur við skólasamfélagið	16	Styrkir og fræðsla	21
Hugmyndasmiðja Mannvits	16	Þróunarlönd	21
_ Setja öryggi í öndvegi	17	_ Viðmið Global Compact	23

A

B

C

D

E

F

Bréf frá forstjóra

Mannvit er alþjóðlegt þekkingarfyrirtæki sem byggir á öflugum mannaði og styður við nýsköpun og þróun. Með verkum okkar og hugviti viljum við skila ábata til samfélags og umhverfis. Við leggjum okkar af mörkum við að stuðla að sjálfbærni íslensks samfélags.

Samfélagsábyrgð og sjálfbærni er mikilvægur þáttur í starfsemi Mannvits og við leggjum áherslu á að vera í fararbroddi þegar kemur að þessum málum. Fyrirtækið er með vottað gæða-, umhverfis- og öryggisstjórnkerfi, hefur fengið viðurkenningu fyrir góða stjórnarhætti síðastliðin 6 ár og var fyrsta fyrirtækið til þess að taka upp samgöngustyрки fyrir starfsfólk til að hvetja til vistvænni samgangna.

Við stefnumörkun fyrirtækisins eru sjálfbærni og samfélagsábyrgð samofin öðrum markmiðum þar sem við leggjum metnað í að gera sífellt betur. Áframhaldandi stuðningur við Global Compact er mikilvægur í starfi Mannvits og verða viðmið sáttmálans áfram notuð sem leiðarvísir til frekari framfara á sviði samfélagsábyrgðar. Við leggjum metnað í að gera vel og höfum ákveðið að nýta einnig heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í þessa vinnu okkar.

Við birtum nú fyrstu framvinduskýrslu Mannvits þar sem við sýnum hvernig við höfum unnið að því að innleiða viðmið Global Compact í starfsemi okkar, minnumst á verkefni sem hefur borið hæst á sviði samfélagsábyrgðar hjá Mannviti og setjum okkur markmið fyrir komandi ár.

Samfélagsábyrgð felst í ábyrgum rekstri og að sjálfbærni sé ávallt höfð að leiðarljósi í upphafi verks. Við hjá Mannviti lítum á samfélagsábyrgð sem mikilvægan þátt í starfseminni sem hefur jákvæð áhrif og byggir upp traust milli Mannvits og samfélagsins. Það er okkur mikilvægt að skapa sátt við samfélagið. Auk aðildar að Global Compact er Mannvit aðili að Festu sem er miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja, Vistbyggðaráði og Nordic Built.

Virðingarfyllt,



Sigurhjörtur Sigfússon
Forstjóri Mannvits.





Um Mannvit

Mannvit er eitt stærsta fyrirtæki landsins á sviði tæknilegrar ráðgjafar og nýsköpunar. Hjá okkur starfar öflugur hópur reynslumikilla verkfræðinga og tæknimenntaðs starfsfólks með fjölbætta reynslu á flestum sviðum verkfræðipjónustu. Mannvit veitir trausta og faglega ráðgjöf sem byggir á hálftrar aldar þekkingu og reynslu og leggur áherslu á sjálfbærni og samfélagsábyrgð.

Starfsemi Mannvits er vottuð samkvæmt alþjóðlega gæðastjórnstaðlinum ISO 9001, umhverfisstjórnstaðlinum ISO 14001 og öryggisstjórnstaðlinum OHSAS 18001.

Mannvit var stofnað árið 1963 og er að fullu í eigu starfsfólks. Aðalskrifstofa Mannvits er að Urðarhvarfi 6 í Kópavogi en að auki rekur við nokkrar skrifstofur utan höfuðborgarsvæðisins og erlendis og vel útbúna rannsóknar- og prófunarstofu að Víkurhvarfi 8 í Kópavogi. Sem alþjóðlegt þekkingarfyrirtæki höfum við komið að verkefnum í Evrópu, Norður- og Suður-Ameríku, Asíu og austanverðri Afríku þar sem alþjóðlegt teymi sérfræðinga sem hjá okkur starfar kappkostar að tryggja arðsemi verkefna með áherslu á öryggi, umhverfi og fagmennsku.

Starfsemi og stefnur



„Mannvit er alþjóðlegt þekkingarfyrtæki sem byggir samkeppnisforskot sitt á öflugum mannauði og samfélagslegri ábyrgð. Mannvit er eftirsóknarverður vinnustaður sem viðskiptavinir velja sem fyrsta valkost. Reksturinn er traustur og með góða afkomu sem styður við nýsköpun og þróun verkefna.“



Mannvit hefur sett sér fjögur einkunnarorð sem fyrirtækið starfar eftir, það eru orðin traust - vísýni - þekking - gleði. Traust verður ekki keypt heldur vinnst það með verkum okkar. Vísýni opnar okkur leiðir við úrlausn verkefna. Þekking er undirstaða þeirrar þjónustu sem við veitum en hún byggir á menntun og hugviti starfsfólks og gleði eykur starfsánægju, sem skilar sér til viðskiptavina. Með þetta að leiðarljósi vinnum við eftir kröfum sem við setjum okkur sjálf til að vera framúrskarandi fyrirtæki.

Mannvit vinnur að almennri velferð á grunni þekkingar og vísinda og hefur löngum lagt áherslu á vistvæna hönnun. Aðild fyrirtækisins að Global Compact er liður í því að staðfesta þá ábyrgð sem Mannvit axlar er kemur að almennri velferð samfélagsins.

Þátttaka í alþjóðlegum verkefnum og starfi samtaka sem stuðla að bættu samfélagi er mikilvægt í starfsemi Mannvits. Auk aðildar að Global Compact erum við aðilar að Festu sem er miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja, Vistbyggðarráði og Nordic Built.

Stefnur Mannvits

Mannvit er leiðandi fyrirtæki í verk- og tækniráðgjöf á Íslandi. Fyrirtækið einbeir sér að því að veita viðskiptavinum hagkvæma, stöðuga og umfram allt góða þjónustu, sem byggir á þekkingu, trausti, víðsýni og gleði. Mannvit stefnir að því að starfsemi fyrirtækisins sé skilvirk, hröð og hagkvæm og að viðskiptavinir upplifi að gott sé að eiga viðskipti við fyrirtækið.

Framkvæmdastjórn tryggir að ferlum fyrirtækisins sé stýrt sem einni heild í forni stjórnunarkerfis sem uppfyllir kröfur verkkaupa, alþjóðlegra stjórnunaraðla, hagsmunaaðila og gildandi laga og reglugerða hverju sinni.

Rekstur stjórnunarkerfis fyrirtækisins tryggir stöðugt forvarna- og umbótastarf með það að leiðarljósi að geta ávallt mætt kröfum viðskiptavina og aðlagast breytingum í viðskiptaumhverfi fyrirtækisins.

GÆÐASTEFNA

Öll starfsemi Mannvits er vottuð samkvæmt alþjóðlegu gæða-, umhverfis- og öryggis-stjórnunarstöðlunum ISO 9001, ISO 14001 og OHSAS 18001.

JAFNRÉTTISSTEFNA

Hver starfsmaður Mannvits er metinn að verðleikum, óháð kynferði, kynþætti, aldri, þjóðerni eða trú.

SAMGÖNGUSTEFNA

Markmið samgöngustefnu er að sýna samfélagslega ábyrgð og uppfylla ferðapörf starfsmanna Mannvits á hagkvæman og vistvænan hátt.

Mannvit leggur sitt af mörkum til að bæta umhverfi og heilsu starfsmanna sinna og annarra.

STARFSMANNASTEFNA

Virðing, umburðarlyndi og jákvætt viðmót í samskiptum, jafnt innan fyrirtækis sem utan, er lykill að ánægju starfsmanna og viðskiptavina.

UMHVERFISSTEFNA

Mannvit leggur áherslu á að leita umhverfsvænna leiða í aðföngum og þjónustu og hvetur starfsmenn til að vinna með lausnir sem stuðla að góðri nýtingu auðlinda, minni úrgangi, heilnæmu umhverfi, innan dyra sem utan, og bættri umhverfivitund starfsfólks og viðskiptavina.

VINNUVERNDAR- OG ÖRYGGISSTEFNA

Starfsfólk Mannvits hefur öryggi að leiðarljósi við hönnun mannvirkja og stjórnun framkvæmda.

Sjálfbærni og samfélagsábyrgð

HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

1 ENGIN FÁTÆKT	2 EKKERT HUNGUR	3 HEILSA OG VELLÍÐAN	4 MENNTUN FYRIR ALLA	5 JAFNRÉTTI KYNJANNA	6 HREINT VATN OG SALERNISABSTIÐA
7 SJÁLFBÆR ORKA	8 GÓÐA TVINNA OG HAGVÖXTUR	9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING	10 AUKINN JÖFNUDUR	11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG	12 ÁBYRG NEYSLA
13 VERNDUN JARÐARINNAR	14 LÍF Í VATNI	15 LÍF Á LANDI	16 FRÍÐUR OG RETTLEIÐI	17 ALÞJÓÐLEG SAMVINNA	<p>HEIMSMARKMIÐIN Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun</p>

Mynd 1. Mannvit vinnur að því að framfylgja 11 af 17 heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Mannvit hefur tekið meðvitaða ákvörðun um að leggja áherslu á sjálfbæra þróun og samfélagslega ábyrgð. Stór skref hafa verið stigin á síðustu árum innan fyrirtækisins og var Mannvit m.a. fyrsta íslenska fyrirtækið til þess að bjóða starfsfólki sínu samgöngustyrk. Þá hefur Mannvit veitt styrki til góðra málefna bæði á sviði menntamála á háskólastigi og ýmissa góðgerðarmála. Um áramót er veittur veglegur peningastyrkur til góðgerðarmála í stað þess að senda út eiginleg jólakort.

Á næstu árum ætlum við að gera enn betur og höfum sett okkur metnaðarfull markmið. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun tóku við af þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna árið 2015. Nýju markmiðin eru fleiri og viðtækari en þau eldri, bætt hefur verið við vandamálum sem er að finna um allan heim, jafnt í stórum samfélögum sem smáum og fátækum sem ríkum. Markmiðin 17 hafa 169 undirmarkmið og munu vera í gildi fram til ársins 2030. Í nýju markmiðunum er lögð áhersla á að samfélagið allt vinni að því að fylgja þeim eftir, ekki eingöngu stjórnvöld.

Mannvit nýtir sér heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem viðmið um sjálfbærni í starfsemi sinni og telur að 11 af 17 markmiðum falli beint að starfsemi og samfélagsábyrgð fyrirtækisins. Lögð er áhersla á að fylgja þessum markmiðum eftir í stefnumótun og markmiðasetningu innan fyrirtækisins.



A

B

C

D

E

F



A

B

C

D

E

F

Markmið Mannvits

Samfélagsábyrgð og sjálfbær þróun eru hluti af stjórnkerfi Mannvits og þannig rauður þráður í allri starfsemi fyrirtækisins. Stjórnkerfið byggir á sex meginmarkmiðum og er samfélagsábyrgð eitt af þeim. Markmiðin eru sett fram á einfaldan og myndrænan hátt til að auðvelda starfsfólki og öðrum hagsmunaaðilum að tengjast þeim og skilja á hverju þau byggja. Hvert og eitt af meginmarkmiðum hefur undirmarkmið sem eru útfærð á nákvæmari hátt, með skilgreindum mælikvörðum, tíðni mælinga og ábyrgðaraðilum.



_Mannvit setur öryggi í öndvegi þar sem öryggismál eru lykilatriði í starfsemi fyrirtækisins. Við viljum vera í fararbroddi á Íslandi í öryggismálum.

_Mannvit axlar samfélagslega ábyrgð, öll starfsemi fyrirtækisins hefur áhrif á samfélagið á einn eða annan hátt. Við viljum sýna það í verki að við höfum samfélagið ofarlega í huga í vinnu okkar og leitumst eftir að vinna okkar færi samfélaginu ávinning.

_Gleði og vellíðan starfsfólks er grunnurinn að góðum vinnustað og skilar sér til allra hagsmunaaðila fyrirtækisins.

_Mannvit byggir starfsemi sína á þekkingu og því er grundvallaratriði fyrir starfsemi fyrirtækisins að þekkingu og fræðslu sé miðlað, bæði innan þess sem utan. Nýsköpun, þróun og nýtt hugvit viðhalda neista og ýta undir framþróun í samfélaginu sem styður við markmið fyrirtækisins um að stuðla að sjálfbæru samfélagi.

_Fyrirtækið sýnir ábyrgð í rekstri með góðum stjórnarháttum og uppfyllir innlend og alþjóðleg lög og viðmið sem snerta starfsemi fyrirtækisins. Við teljum ábyrgan rekstur vera undirstöðuna að góðum rekstri og góðum samskiptum við hagsmunaaðila.

_Mannvit virðir náttúruna, bæði í hönnun og ráðgjöf sem og í umgengni sinni við umhverfið. Við setjum okkur metnaðarfull markmið í umhverfismálum sem meðal annars snúa að bættri nýtingu auðlinda og kolefnisjöfnun á starfsemi fyrirtækisins.

Hagsmunaaðilar

HAGSMUNA- AÐILAR MANNVITS

- BIRGJAR
- STARFSFÓLK
- EIGENDUR
- VIÐSKIPTAVINIR
- SAMFÉLAGIÐ

Lykilatriði í góðum árangri fyrirtækisins á sviði samfélagsábyrgðar er að allir hagsmunaaðilar fyrirtækisins séu meðvitaðir um stefnu þess. Því er áhersla lögð á að samskipti við hagsmunaaðila séu góð og að þeim sé gerð grein fyrir áherslubreytingum sem verða í rekstri fyrirtækisins.

Birgjar Mannvits eru fjölbreyttur hópur undirverktaka og innkaupaaðila. Mannvit ber ábyrgð á að koma til skila þeim kröfum sem gerðar eru um verkefni og aðföng út frá markmiðum fyrirtækisins. Því er mikilvægt að samskipti við birgja séu góð og samskiptaleiðir opnar.

Viðskiptavinir Mannvits eru margvíslegir og koma viðsvegar að úr samfélaginu. Grunnurinn að góðu samstarfi er góð samskipti milli aðila og því mikið er lagt upp úr því að vera í góðu sambandi við viðskiptavini.

Samfélagið er í heild sinni hagsmunaaðili Mannvits þar sem starfsfólk kemur að hönnun mannvirkja og innviða sem þjóna þörfum samfélagsins.

Eigendur Mannvits eru starfsfólk fyrirtækisins. Eigendur gera kröfu um góðan rekstur og því er mikilvægt að eigendur hafi góðar upplýsingar um markmið fyrirtækisins, stöðu og framtíðaráform. Góðir stjórnarhættir

og ábyrgur rekstur eru lykill að því að eigendur treysti rekstri fyrirtækisins. Því er mikilvægt að góð samskipti séu við eigendur um breytingar á rekstrarháttum eða markmiðum fyrirtækisins.

Starfsfólk fær reglulega kynningu frá forstjóra og sviðsstjórum á því helsta sem er að gerast innan fyrirtækisins sem og framtíðarhorfur. Þar hefur starfsfólk tækifæri til að koma á framfæri ábendingum og spurningum um starfsumhverfi sitt. Þá hefur allt starfsfólk aðgang að innri vef fyrirtækisins sem er einnig nýttur til að miðla upplýsingum og auðvelda starfsfólki að koma með ábendingar og endurgjafir um rekstur fyrirtækisins.

Gleði og vellíðan



UN GLOBAL COMPACT:


- Viðmið 3
- Viðmið 4
- Viðmið 5



MARKMIÐ


- __Starfsfólki Mannvits líður vel í vinnunni
- __Hvetjum starfsfólk til heilbrigðs lífennis
- __Aukin starfsánægja
- __Jafnlaunavottun
- __Auka hlutfall kvenna innan fyrirtækisins
- __Stöðjum við nýsköpun
- __Ánægðir viðskiptavinir

KYNJAHLUTFALL



Orð ársins 2016 hjá Mannviti var gleði enda lögðust mannaússviðið og starfsmannafélagið á eitt við að leggja sérstaka áherslu á að það væri stutt í gleðina. Í hverjum mánuði var boðið upp á viðburði af ýmsum toga og stærðargráðum. Mannaússviðið bauð upp á kaffivagn frá ýmsum kaffihúsum, fékk landsþekkta grínista til að vera með uppistand og stóð sjálft fyrir ýmsum skemmtilegum uppákomum innanhúss svo eitthvað sé nefnt. Starfsmannafélagið stóð einnig fyrir föstum viðburðum eins og óvissuferð og aðalfundi. En auk þess buðu þær nefndir sem starfa undir hatt starfsmannafélagsins upp á fjölda viðburða yfir árið á borð við konfektgerð, spiladag, íþróttadag, páskabingó og pókerkvöld svo eitthvað sé nefnt. Í nefndum starfsmannafélagsins er fjölbreyttur hópur starfsfólks Mannvits og má því segja að allir leggi sitt af mörkum til að skapa gott andrúmsloft í fyrirtækinu.

MENNTUN



STARFSFÓLK

MEDALALDUR



MEDALSTARFSALDUR



Mannvit er fjölskylduvænn vinnustaður sem býður upp á jákvætt vinnuumhverfi og sveigjanlegan vinnutíma. Til að auka vellíðan starfsfólks hafa allir aðgang að þjónustu hjá trúnaðarlækni og sálfræðingi sér að kostnaðarlausu auk þess sem boðið er upp á heilsufarsmælingar árlega frá Vinnuvernd og starfsánægja mæld með reglulegu millibili.

Við ráðningu starfsfólks er það metið út frá hæfileikum og metnaði þar sem gildi fyrirtækisins eru höfð að leiðarljósi og fara allar umsóknir í gegnum sama ferlið. Starfsfólk hefur aðgang að starfsmannahandbók þar sem það getur nálgast upplýsingar um réttindi sín og skyldur í starfi. Þá er mikið lagt upp úr öryggismálum og vinnuvernd en eitt af meginmarkmiðum fyrirtækisins er að starfsemin sé slysalaus og að allir komi heilir heim.

Líkamleg hreyfing

Líkamleg hreyfing er mikilvægur þáttur í menningu fyrirtækisins. Allt starfsfólk Mannvits getur sótt um íþróttastyrk til að fjárfesta í líkamlegri heilsu sinni, hvort sem það er til að fjármagna líkamsræktarkort eða annað sem tengist hreyfingu. Fjöldi hópa tengdir hreyfingu starfa innan fyrirtækisins þar sem meðal annars fótballahópur og hlaupahópur nýta hádegin í að sprikla saman. Starfsfólk er þar að auki hvatt til að ferðast á vistvænna máta til vinnu og samgöngustyrkur í boði fyrir þá sem það gera.

Mikil örvun er í gangi innan fyrirtækisins fyrir því að taka þátt í ýmsum heilsutengdum viðburðum og hefur skapast hefð fyrir því að taka þátt í átaksverkefnum á borð við Hjólað í vinnuna og Lífshlaupið. Sumarið 2016 tók Mannvit í fyrsta sinn þátt í WOW Cyclothon þar sem 10 sprækir starfsmenn hjóluðu saman hringinn í kringum landið til styrktar Hjólakrafti. Fyrr um sumarið tók Mannvit þátt í áttakinu Hjólað í vinnuna. Þar hjólaði starfsfólk Mannvits yfir 3.500 km og hafnaði í 5. sæti í sínum flokki.



Miðla þekkingu og fræðslu



UN GLOBAL COMPACT:
Viðmið 9



- ____ _Þekkingarstjórnun og miðlun þekkingar innan fyrirtækis
- ____ _Þekking á sjálfbærum og vistvænum hönnunarlausnum
- ____ _Stundum nýsköpun og þróun
- ____ _Umhverfis- og öryggisvitund starfsfólks
- ____ _Þekking og notkun á gæðakerfi Mannvits
- ____ _Sviðs- og starfsmannafundir
- ____ _Fræðslufundir og vinnustofur fyrir starfsfólk



Hugvit og þekking starfsfólks er kjarninn í velgengni fyrirtækisins og því er mikið lagt upp úr miðlun þekkingar og möguleikum starfsfólks til að bæta við sig menntun. Tryggur stuðningur er við nýsköpun og starfsfólk hvatt til að taka þátt í verkefni kallað hugmyndasmiðja Mannvits. Þá er tryggur stuðningur við námsmenn á háskólastigi þar sem meðal annars er ráðið inn sumarstarfsfólk og boðið upp á starfsnám auk þess sem starfsfólk Mannvits kemur að kennslu í háskólum landsins. Nemendur á grunn-, framhalds- og háskólastigi hafa einnig tækifæri til að koma í starfskynningar og kynna starfsemi Mannvits.

Stuðningur við skólasamfélagið

Stuðningur við skólasamfélagið er mikilvægur liður í þekkingarmiðlun fyrirtækisins. Á hverju ári eru ráðið inn sumarstarfsfólk í háskólanámi en nemendum á öðrum skólastigum býðst að koma í starfskynningu og starfsnám til Mannvits í gegnum GERT (Grunnmenntun efling í raunvísindum og tækni). Nemendafélögum í háskólum landsins er þá reglulega boðið í heimsókn til að kynna þeim starfsemi fyrirtækisins og gefa þeim kost á að spyrja starfsfólk um vinnuna.

Hugmyndasmiðja Mannvits

Hugmyndasmiðja Mannvits er vettvangur fyrir starfsfólk til að koma fram með hugmyndir og þróa þær í samstarfi við Mannvit. Tvisvar á ári gefst starfsfólki Mannvits tækifæri til að senda inn hugmyndir sem síðan er farið yfir og leitað eftir álitni ráðgjafahóps. Ekki eru settar neinar takmarkanir á gerð verkefna, atvinnugrein eða verkefnastig. Mannvit styður við valdar hugmyndir starfsfólks með fjárfestingu sem er að mestu leyti fólgin í því að einstaklingar fá að ráðstafa hluta af vinnutímanum í að þróa hugmynd sína áfram. Auk þess hefur það aðgang að sérfræðingum af ýmsum sviðum innan fyrirtækisins sem getur komið verkefninu að gagni.

Setja öryggi í öndvegi



MARKMIÐ

_Komum heil heim – slysalaus starfsemi

_Erum í fararbroddi í öryggismálum

_Veitum viðskiptavinum ráðgjöf og þjónustu í öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismálum á hönnunar- og framkvæmdastigi verkefna



Öryggismál eru í öndvegi í allri starfsemi Mannvits enda er þar sífellt unnið að því að vera í fararbroddi í öryggismálum. Starfsfólk fær fræðslu og þjálfun í öryggistengdum málum og allt starfsfólk fær afhenta litla handbók um öryggismál, Örbókina, þegar það hefur störf hjá fyrirtækinu. Mannvit leggur mikla áherslu á að veita viðskiptavinum ráðgjöf á sviði öryggis- og vinnuverndarmála, hvort sem er við hönnun, á verktíma eða líftíma mannvirkis/búnaðar.

Mannvit hefur frá árinu 2012 haldið úti vottuðu öryggisstjórnkerfi samkvæmt OHSAS 18001. Í því felst að byggt er á ferli stöðugra umbóta og mælingum á árangri og tryggir sömuleiðis að lagalegum kröfum á sviði vinnuverndar- og öryggismála sé fylgt.

Mannvit skráir slys, óhöpp og hættuleg atvik til að draga lærdóm af því sem betur má fara og kannar reglulega gæði vinnuumhverfisins og stöðu öryggismála.

Virða náttúruna



UN GLOBAL COMPACT:

- Viðmið 7
- Viðmið 8
- Viðmið 9

MARKMIÐ

- _Fyrirtæki sýni varúð í umhverfismálum
- _Minnka sóun
- _Starfsfólk nýti samgöngustyrk
- _Kolefnisjafna starfsemi Mannvits
- _Markviss ráðgjöf um möguleg umhverfisáhrif verkefna
- _Umhverfis- og áhættugreining gerð fyrir öll verkefni
- Sjálfbærnimat og -úrlausnir hluti af verkferlum stærri verkefna
- _Stöðjum við þróun og nýtingu umhverfissvænnar tækni




RAFMAGNSNOTKUN MINNKAÐ UM 9,4% FRÁ 2015



HLUTFALL FLOKKAÐS ÚRGANGS 79% ÁRÍÐ 2016



33% STARFSFÓLKS NÝTTU SÉR SAMGÖNGUSTYRK ÁRÍÐ 2016



Mannvit er með vottað umhverfisstjórnkerfi samkvæmt ISO 14001 en með kerfinu er haldið utan um þær kröfur sem öll starfsemi fyrirtækisins þarf að uppfylla varðandi umhverfismál. Það á bæði við um kröfur sem fyrirtækið setur sér með umhverfisstefnu sem og þær kröfur sem eiga við í lögum, reglugerðum og starfsleyfum. Helsta markmið fyrirtækisins er að starfsemi þess sé umhverfisslysalaus að öllu leyti. Í gegnum árin hafa ákveðnir umhverfisþættir verið vaktadír sem fyrirtækið telur hvað þýðingamesta til að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar og unnið að því að auka sjálfbærni verkefna.

Lykilþættir í starfsemi Mannvits

Unnið er að því að draga úr sóun innan fyrirtækisins þegar kemur að efnis- og auðlindanotkun. Við setjum okkur metnaðarfull markmið um að draga úr pappírs- og rafmagnsnotkun og matarsóun innan fyrirtækisins, vinna að því að fyrirtækið verði kolefnishlutlaust og að endurvinnsla nái til 90% af þeim úrgangi sem fellur til við starfsemi fyrirtækisins, svo eitthvað sé nefnt. Mannvit var fyrsta fyrirtækið sem bauð starfsfólki sínu upp á samgöngustyrk og hefur haldið því áfram síðan. Nú þarf starfsfólk aðeins að ferðast 3 daga vikunnar á vistvænan hátt og binda sig í mánuð í senn. Auk þess að hvetja starfsfólk til að ferðast á vistvænan máta vinnur fyrirtækið einnig í því að auka notkun vistvænna bíla hjá Mannviti og vinnur líka að uppsetningu hleðslustöðva við höfuðstöðvar fyrirtækisins í Urðarhvarfi.

Ráðgjöf á sviði sjálfbærni

Til að hægt sé að tryggja velferð þjóðar til framtíðar þurfa samfélög að horfa meira til sjálfbærni og sjálfbærrar þróunar. Hjá Mannviti er mikill skilningur á mikilvægi sjálfbærni og stefnir fyrirtækið að því að vera leiðandi afl í þeirri þróun og þeim breytingum sem þurfa að eiga sér stað. Mannvit veitir viðskiptavinum sínum því markvissa ráðgjöf um möguleg umhverfisáhrif verkefna og setur sér það markmið að umhverfis- og áhættugreining sé gerð fyrir öll verkefni. Einnig er stefnt að því að sjálfbærnimat og úrlausnir verði hluti af verkferlum allra stærri verkefna. Mannvit gerir sér grein fyrir því að ein leið hentar ekki öllum og býður því viðskiptavinum fjölbreytta nálgun og tækifæri til að stuðla að sjálfbærri þróun í verkefnum sínum. Til að geta uppfyllt þarfir viðskiptavina styður Mannvit við þróun og nýsköpun á sviði umhverfissvænnar tækni.

Vistvæn hönnun


Innan raða Mannvits eru nokkrir starfsmenn með réttindi til að votta samkvæmt BREEAM vottunarkerfinu fyrir vistvænar byggingar en Mannvit vottaði einmitt skipulag í Urriðaholti, fyrsta vistvænt vottaða skipulag á Íslandi. Þá hefur Mannvit unnið að öðrum verkefnum, s.s. fræðslumiðstöðinni Hakinu á Þingvöllum og nýju fangelsi á Hólmsheiði sem hafa hlotið vottun frá BREEAM. Mannvit hefur einnig komið að hönnun á vistvænum byggingum vottuðum af öðrum kerfum, s.s. Svaninum og Passívhus. Vistvæn hönnun á ekki aðeins við um hönnun bygginga heldur vinnur Mannvit einnig eftir vistvænum sjónarmiðum við hönnun samgöngumannvirkja og annarra innviða. Dæmi um verkefni á því sviði er hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar og verkefni tengd Borgarlínu.

Endurnýjanlegir orkugjafar

Mannvit hefur komið að hönnun og framkvæmd fjölda verkefna sem miða að því að virkja endurnýjanlega orkugjafa landsins. Mannvit er leiðandi aðili á Íslandi í ráðgjöf á þessu sviði og hefur meðal annars komið að virkjunum á Nesjavöllum, Hellisheiði, Búðarhálsi og nýrri virkjun á Þeistareykjum. Sömuleiðis hefur Mannvit komið að verkefnum í yfir 30 löndum sem snúa að nýtingu jarðhita hvort sem er til rafmagnsframleiðslu eða upphitunar, auk vatnsaflsvirkjana. Þá hefur Mannvit einnig unnið eftir alþjóðlegu sjálfbærnimati á vatnsaflsvirkjunum og var með fulltrúa í vinnu við að útfæra sjálfbærnimat fyrir jarðvarmavirkjanir, hið fyrsta sinnar tegundar.

Hringrásarsamfélag

Langtíamarkmið samfélagsins er að öll aðföng sem koma inn í hagkerfið fari inn í hringrás þar sem endurnýting og endurnýjun á sér stað. Mannvit hefur skilning á mikilvægi þess að við lifum í hringrásarsamfélagi og höfum frá 2006 komið að fjölda verkefna sem snerta úrgangsstjórnun og endurvinnslu. Mannvit hefur meðal annars komið að verkefnum hjá SORPU er snúa að því að framleiða metan til nýtingar sem orkugjafa á bifreiðar úr urðunarstað við Álfsnes og hönnun gas- og jarðgerðarstöðvar SORPU sem nú fer senn í útboðsferli. Mannvit hefur einnig unnið fyrir Norðurorku við hönnun kerfa til söfnunar og dreifingar á gasi ásamt því að hafa hannað lífdíselverksmiðju með Orkey og komið að rekstri hennar. Þá hafði Mannvit aðkomu að SulFIX verkefninu á Hellisheiði en þar er gasi frá jarðvarmavirkjun dælt niður í jörðina sem það binst í í berggrunninn til framtíðar en ekki út í andrúmsloftið eins og áður.



Sýna ábyrgð



UN GLOBAL COMPACT:
Viðmið 10



__Góðir stjórnarhættir

__Stefnumótandi áætlunargerð

__Auka vægi áætlunargerðar í verkefnum

__Stýra innkaupum á pappír, sorphirðu, rafmagni
og hættulegum efnum

Mannvit hefur verið fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnháttum síðan 2010 að mati rannsóknarmiðstöðvar í stjórnháttum. Stjórn og framkvæmdastjórn fyrirtækisins leggja mikla áherslu á gagnsæi og ábyrga stjórnarhætti. Þá hafa stjórnendur sótt sérstaka leiðtogaþjálfun til að efla þá í sínu starfi.

Síðareglur stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjórn Mannvits hafa sett sér síðareglur sem þær vinna eftir. Í síðareglunum er m.a. tekið meðal annars fram að Mannvit mótmælir allri spillingu og mútum og gerir grein fyrir hagsmunum og tengslum sem gætu haft áhrif á starf félagsins og viðskiptavina þess. Þá er lögð áhersla á að veita faglega og óháða þjónustu og að fyllsta jafnréttis skuli gætt innan fyrirtækisins þar sem mismunur er með öllu óheimil. Eitt af markmiðum næsta árs er að þessar síðareglur verði gerðar opinberar og kynntar fyrir öllu starfsfólki fyrirtækisins.

Stefnumótandi áætlanagerð

Mannvit setur sér markmið um rekstur fyrirtækisins og afkomu til nokkurra ára í senn og fylgir eftir þessum stefnumálum með reglubundnum hætti til að tryggja framgang þeirra og grípa inn í ef talin er þörf á því. Með stefnumótandi áætlanagerð er horft til þess að tryggja festu og ábyrgð fyrirtækisins til lengri tíma og unnið sé samfellt að því að skila árangri.

Samfélagið



UN GLOBAL COMPACT:

- Viðmið 1
- Viðmið 2
- Viðmið 4
- Viðmið 5



MARKMIÐ

__Fylgjum lögum er varða mannréttindi í starfi og þrælkunarvinnu

__Bregðumst við mannréttindabrotum

__Stöðjum við þróunarstarf í þeim þróunarlöndum þar sem við störfum

__Stöðjum við samfélagið með styrkjum og fræðslu



Samfélagið er stærsti hagsmunaaðili Mannvits. Öll verkefni sem fyrirtækið kemur að snerta samfélagið í einni eða annarri mynd. Því er mikið lagt upp úr því að uppfylla alþjóðleg lög, reglur og viðmið, gæta þess að mannréttindi séu virt og að þau verkefni sem Mannvit kemur að miði að því að skila ábata fyrir samfélagið.

Mannréttindi

Mannvit leggur áherslu á að uppfylla öll innlend og alþjóðleg lög sem falla að starfsemi fyrirtækisins. Fyrirtækið og starfsfólk þess virða og styðja mannréttindi hvar sem það starfar í samræmi við almenna mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Þá fullvissum við okkur um að samstarfsaðilar okkar hafi ekki orðið uppvísir að mannréttindabrotum og starfsfólk okkar viti hvernig það skuli bregðast við verði það vitni að brotum á mannréttindum í starfi. Einnig er mikil áhersla lögð á að fylgt sé almennri vinnulöggjöf um starfsumhverfi

og vinnuvernd og að allri nauðungar-, þrælkunar- og barnavinnu hafnað. Stjórn fyrirtækisins hafnar allri mismunun og leggur áherslu á jafnrétti og jöfn tækifæri. Þá hefur stjórn sett sér stefnu um að auka hlut kvenna innan fyrirtækisins og er markvisst unnið að því að gera vinnustaðinn aðlaðandi fyrir einstaklinga af báðum kynjum, á öllum aldri og óháð uppruna.

Styrkir og fræðsla

Á hverju ári styrkir Mannvit fjölmörg málefni og er öllum frjálst að sækja um styrki en Mannvit leitast við að veita styrki til málefna sem tengjast kjarnastarfsemi félagsins. Unnið er úr umsóknum undir lok hvers mánaðar og styrkjum úthlutað í takt við það. Mannvit leggur áherslu á að styðja við samfélagið með fjárhagslegum styrkjum eins og mögulegt er og hefur í gegnum tíðina m.a. stutt við háskólasamfélagið á sviði raungreina, íþróttafélög þar sem félagið starfar, góðgerðarfélög og björgunarsveitir. Auk fjárhagslegra styrkja styður Mannvit við nærsamfélagið, bæði með því að sækja sér þjónustu í því samfélagi sem það vinnur hverju sinni og með því að miðla og reyna að skilja eftir þekkingu í hverju samfélagi, stóru eða smáu, sem það starfar í.

Þróunarlönd

Mannvit hefur unnið þróunarverkefni m.a. í Afríku og Suður-Ameríku. Þar sem við komum að verkefnum í þróunarlöndum leggjum við mikla áherslu á gagnsæi og höfnun með öllu mútum, broti á mannréttindum eða barnaþrælkun. Þá leggjum við okkar af mörkum með því að miðla þekkingu í þeim löndum sem við störfum þannig að eitthvað sitji eftir í hverju samfélagi þegar við höfum lokið verkefnum okkar. Mannvit hefur m.a. komið að uppbyggingu þekkingar á sviði jarðhita í Kenya, Rwanda og Eþíópíu með þjálfun og námskeiðahaldi.

A

B

C

D

E

F



1

2

3

4

A

B

C

D

E

F

Viðmið Global Compact



Mannvit tileinkar sér og vinnur eftir tíu viðmiðum Global Compact sáttmála Sameinuðu þjóðanna sem byggja á mannréttindum, vinnumarkaðsmálum, umhverfismálum og baráttu gegn hvers kyns spillingu. Mannvit stendur vel þegar kemur að þessum viðmiðum en leggur metnað sinn í að gera sífellt betur og nýtir sér viðmið sáttmálans sem leiðarvísi í þeirri vinnu.

MANNRÉTTINDI

Viðmið 1

Fyrirtæki styðja og virða vernd alþjóðlegra mannréttinda.

Viðmið 2

Fyrirtæki fullvissa sig um að þau gerist ekki meðsek um mannréttindabrot.

VINNUMARKAÐUR

Viðmið 3

Fyrirtæki styðja við félagafrelsi og viðurkenna í raun rétt til kjarasamninga.

Viðmið 4

Fyrirtæki tryggja afnám allrar nauðungar- og þrælkunarvinnu.

Viðmið 5

Virkt afnám allrar barnavinnu er tryggt.

Viðmið 6

Fyrirtæki styðja afnám misréttis til vinnu og starfsvals.

UMHVERFI

Viðmið 7

Fyrirtæki sýni varúð í umhverfismálum.

Viðmið 8

Fyrirtæki hafi frumkvæði að því að hvetja til aukinnar ábyrgðar gagnvart umhverfinu.

Viðmið 9

Fyrirtæki hvetji til þróunar og nýtingar á umhverfisvænni tækni.

GEGN SPILLINGU

Viðmið 10

Fyrirtæki vinni gegn hvers kyns spillingu, þar með talið kúgun og mútum.



WE SUPPORT

1

2

3

4

Mannvit hf.

Urðarhvarfi 6
203 Kópavogur
Sími: 422 3000
www.mannvit.is
mannvit@mannvit.is

